HÚNAÞING VESTRA

Velferðarnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Húnaþingi vestra, 11. desember 2023
*Mál nr. 2311081 U.V.H.*

**Efni:** Umsögn um tillögu til þingsályktunar um gjaldfrjálsar skólamáltíðir, 402. mál.

Á 1199. fundi byggðarráðs Húnaþings vestra sem haldinn var þann 11. desember 2023 var umsagnarbeiðni um tillögu til þingsályktunar um gjaldfrjálsar skólamáltíðir tekin fyrir.

Svohljóðandi var bókað:

*Byggðarráð Húnaþings vestra tekur undir rök þingsályktunartillögunnar um kosti þess og ávinning að öll börn eigi þess kost að fá holla og góða næringu. Að því sögðu vill ráðið árétta nauðsyn þess að samhliða framlagningu tillögu sem þessarar að ítarlegt kostnaðarmat liggi fyrir og að fjármögnun verkefnisins sé skýr. Verði tillagan samþykkt er því nauðsynlegt að kostnaður við framkvæmdina verði greindur og skilgreint hvernig sveitarfélög fái endurgreiðslur vegna verkefnisins frá hinu opinbera.*

Ofangreint tilkynnist hér með.

F.h. byggðarráðs Húnaþings vestra,

SVEITARSTJÓRI HÚNAÞINGS VESTRA

Unnur Valborg Hilmarsdóttir, sveitarstjóri.